

Ed.

296. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, 1. gr.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta, sem er stjórnarfrv., hefir allsherjarnefnd haft til athugunar. Þótt nefndin sje mjög mótfallin fjölgun embætta, virðist henni ekki hægt að komast hjá því, að Mosfellsprestakall í Mosfellssveit, með sömu ummerkjum og það hafði áður, verði endurreist sem sjerstakt prestakall.

Þessi skoðun nefndarinnar er þegar staðfest af reynslunni. Sjest það best á því, að síðustu árin, eða síðan 1924, hefir settur prestur þjónað Mosfellsprestakalli, með því að ekki hefir reynst mögnlegt að framkvæma viðunandi prestsþjónustu þar eftir fyrirmælum gildandi laga frá 1907 um skipun prestakalla.

Þegar þannig er komið, skiftir litlu eða engu máli hvað kostnað ríkissjóðs snertir við prestsþjónustu í nefndu prestakalli, hvort frv. verður samþykkt eða ekki.

Nefndin vill gera þá breytingu á frv., að ef svo fer, að nauðsynlegt verður álitid að leggja Þingvelli niður sem sjerstakt prestakall, þá sje presturinn á Mosfelli skyldur að taka að sjer prestsþjónustu í Þingvallasókn.

Nefndin leggur svo til, að frv. verði samþykkt með svofeldri

BREYTINGU:

Við 1. gr.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verður 2. gr. og orðist svo:

Skyldur skal Mosfellsprestur að taka að sjer prestsþjónustu í Þingvallasókn, ef Þingvellir verða lagðir niður sem sjerstakt prestakall.

Alþingi, 1. apríl 1927.

Jóh. Jóhannesson,
form.

Guðm. Ólafsson,
fundaskrif. og frsm.

Jóhann P. Jósefsson,
með fyrirvara.